



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2012

Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um mál nr. 735 á 140. löggjafarþingi, frumvarp til laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Velferðarnefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 9. maí sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Með lögum nr. 73/2011 var lögfest ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem lögð er sú skylda á lífeyrissjóði að greiða sem samsvarar 0,13% af samanlögðum iðgjaldastofni til starfsendurhæfingarsjóðs. Upphaflega í frumvarpinu var ákvæði sem gerði ráð fyrir því að ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála skipi samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að koma fram með nánari tillögur o.s.frv. LL lagði ríka áherslu á að lífeyrissjóðirnir fengju aðkomu að þessari vinnu og var slík breytingartillaga samþykkt í þinginu.

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að LL hafði aðkomu að vinnslu þessa frumvarps og skal tekið fram að í öllum megin atriðum ríkti samstaða meðal þeirra sem að vinnunni komu.

Ljóst er að starfsendurhæfingarmálefni eru afar mikilvæg og vonast allir sem að málinu koma til þess að með tilkomu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar verði unnt að draga úr örorkubyrði í þjóðfélaginu og þá einkum með því að fækka nýgengi örorku.

Aðkoma lífeyrissjóðanna að vinnslu frumvarpsins var afar mikilvæg en fulltrúar þeirra leggja einkum áherslu á að tryggt sé að ekki komi til þess að fjármunir fari úr lífeyrissjóðakerfinu án þess að þeir skili tilætluðum árangri. Því voru það einkum þrjú atriði sem LL taldi mikilvægt að næði fram að ganga við vinnslu frumvarpsins. Þau voru að ekki yrðu teknir fjármunir úr lífeyrissjóðakerfinu í sjóðsöfnun á öðrum vettvangi, tryggð yrði aðkoma lífeyrissjóðanna að starfsendurhæfingarsjóðunum og að fram færi endurmat á árangri starfsendurhæfingarsjóða. Auk þessa töldu lífeyrissjóðirnir mikilvægt að greiðslur til starfsendurhæfingar leiddu ekki þegar við gildistöku lagananna til skerðingar á lífeyrissgreiðslum.

LL telur að með aðkomu að nefndinni hafi lífeyrissjóðirnir fengið færi á að koma sínum sjóðnarmiðum á framfæri og lögðu aðilar sig fram við að finna farsælar lausnir sem allir gætu sætt sig við.

Í því frumvarpi sem hér um ræðir er ekki tilgreint hverjir standi að starfsendurhæfingarsjóðum en nú þegar er starfandi VIRK starfsendurhæfingarsjóður. Á síðasta ársfundi sjóðsins sem haldinn var þann 12. apríl sl. voru samþykktar breytingar á skipulagsskrá sem tryggði aðkomu lífeyrissjóðanna að VIRK starfsendurhæfingarsjóði.

Vegna kröfu lífeyrissjóðanna um að ekki kæmi til sjóðsöfnunar og að tryggt yrði að fjármunir færu ekki úr sjóðunum án þess að fyrir lægi ásættanlegur árangur var sett inn ákvæði II til bráðabirgða. Þar er lagt til að stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og Landssamtök lífeyrissjóða endurskoði framlög skv. 5.-7. gr. fyrir lok árs 2014. Til grundvallar endurskoðuninni skuli m.a. liggja heildarúttekt óháðrar nefndar sérfræðinga sem ráðherra skipar fyrir árslok 2013 og er nefndinni ætlað að leggja mat á árangur.

Ákvæði þetta er mjög mikilvægt en **LL leggur þó til afar brýna breytingu** og vill að sett verði tímamörk í þessum efnum til að tryggt verði að ákvæði þessu verði fylgt eftir í framkvæmd. Því er lagt til að á eftir 1. másl. 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða komi nýr másl. sem gæti hljóðað svo:


Fari endurskoðun á framlögum ekki fram samkvæmt ákvæði þessu fellur greiðsluskýlda skv. fyrrgreindum lagagreinum niður frá og með 1. júlí 2015.

Fyrrgreindri nefnd er m.a. ætlað að leggja mat á áhrif starfsendurhæfingarsjóða á örorkubyrði lífeyrissjóða. LL leggur ríka áherslu á að árangur verði mældur því sé það ekki gert hafa greiðslur úr lífeyrissjóðunum til starfsendurhæfingar þau áhrif að lækka ber réttindi til greiðslu lífeyris. Vegna þessa var sett ákvæði um að þrátt fyrir framlag lífeyrissjóða á árunum 2012, 2013, 2014 og 2015 verði það ekki núvirt við tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna, sbr. 3. mgr. 30. gr. frumvarpsins. Verði árangur ekki mældur kemur til skerðingar á lífeyrisgreiðslum og því er mjög mikilvægt að endurskoðun fari fram innan tilsettra tímamarka. LL leggur því mikla áhersla á að sett verði tímamörk um endurskoðun og verði þeim ekki fylgt eftir falli greiðsluskýlda til starfsendurhæfingarsjóða niður.

Að öðru leyti vill LL lýsa yfir stuðningi við frumvarpið og vonast til góðs samstarfs við alla þá sem að málefnum koma en á meðal lífeyrissjóðanna eru bundnar miklar vonir og væntingar til þess að fjármunir þessir skili tilætluðum árangri.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri